

Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar.

Ég er sammála forsendum dómsins, að öðru leyti en því, sem nú skal greina.

Ég lit svo á, að fæðiskostnað skipverja beri að telja til útgerðarkostnaðar, þar eð útgerðarmanni ber að leggja skipverjum til fæði, sbr. 57. gr. sjómannalaganna nr. 41/1930, enda sé hann ekki sérstaklega undan þeirri skyldu þeginn með samningi við þá.

Þar eð stefnandi fæddi sig sjálfur og átti auk þess að taka þátt í sölt-unarkostnaði, sem óvíst var fyrir fram, hverju mundi nema, tel ég bæði fullnægt skilyrði b-liðs 1. gr. laga um orlof nr. 16/1943, um hrein hlutaskipti og skilyrðinu um, að skipverji taki meiri eða minni þátt í útgerðarkostnaði. Lit ég því svo á, að stefnanda beri aðeins 2% í orlofsfé hjá stefnda. Þar sem stefnandi hefur ekki krafizt dóms um þennan hluta kröfu sinnar, ef stefndi yrði sýknaður að öðru leyti, tel ég að sýkna beri stefnda í máli þessu.

Eftir atvikum tel ég rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsatkvæði mitt verður því þannig:

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Siglufjarðar vegna Friðriks Guðjónssonar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Sjómannafélags Ísafjarðar vegna Hannibals Einarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 7. marz 1944.

Nr. 18/1943. Alþýðusamband Íslands f. h. Iðju, félags verk-
smiðjufólks í Reykjavík (Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Félags ísl. iðn-
rekenda (Eggert Claessen hrl.).

Mál út af ágreiningi um skilning á ákvæðum kjarasamnings.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 13. sept. f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Iðju, félags verk-
smiðjufólks í Reykjavík gegn Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Félags ísl. iðnrekenda.

Gerir stefnandi þær dómkröfur:

1. að viðurkennt verði, að fastráðið verkafólk, sem vann

samkvæmt samningi, dags. 22. des. 1937, milli Félags íslenzkra iðnrekenda og Iðju, félags verksmiðjufólks, en fékk kaup miðað við klst., eigi samkvæmt 2. gr. II. fl. B. í nefndum samningi rétt til kaups á helgidögum Þjóðkirkjunnar öðrum en sunnudögum, svo og á 1. sumardag og 1. maí, sem er frídagur.

2. að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að 22. des. 1937 gerðu Félag ísl. iðnrekenda og Iðja, félag verksmiðjufólks í Reykjavík, samning sín á milli um kaup, vinnutíma o. fl. hjá verksmiðjufólki þeirra iðnrekenda, sem samningurinn nær til. Var samningur þessi, með nokkrum breytingum, sem síðar voru gerðar, í gildi til 30. júlí f. á. Í samningnum eru einungis ákvæði um viku- og mánaðarkaup verksmiðjufólks, auk ákvæðisvinnu, en þó er gert ráð fyrir því í 2. gr. C 2 b., að um kaupgreiðslu samkvæmt öðrum reglum en í samningnum greinir geti verið að ræða.

Nú er það upplýst, að a. m. k. á síðastl. ári hefur það átt sér stað, að nokkrir starfsmenn hjá hlutaðeigandi iðnfyrirtækjum hafa verið ráðnir gegn tímakaupi. Hefur þeim eingöngu verið greitt kaup fyrir unna tíma. Þetta telur stefnandi ekki í samræmi við framangreindan samning og krefst þess, að þeim verði einnig greitt kaup fyrir helgidaga Þjóðkirkjunnar, þó að sunnudögum undanskildum, svo og fyrir 1. sumardag og 1. maí, þó það séu frídagar.

Þessa kröfu sína styður stefnandi við þau ákvæði í áðurgreindum samningi, sem nú skal greina:

Í 2. gr. B er svo hljóðandi ákvæði:

„Almennir helgidagar Þjóðkirkjunnar, 1. sumardagur og 1. maí, sem er frídagur, hafa engin áhrif á viku- eða mánaðarkaupið.“

Þá er í 16. gr. samningsins svo hljóðandi ákvæði:

„F. í I. skuldbindur meðlimi sína til að greiða ekki lægra kaup eða lakari kjör en samningur þessi inniheldur.“

Telur stefnandi það leiða af ákvæðum þessum, að tíma- vinnuönnunum beri kaup fyrir áðurgreinda helgidaga og frídaga, þó ekki sé þá unnið í verksmiðjunum.

Þessum skilningi stefnanda mótmælir stefndi og telur hann ákvæði þessi einungis eiga við viku- og mánaðarkaupsmenn. Hefur hann gert grein fyrir því, að tímakaupsmenn þeir, sem hlut eiga að máli, hafi síst borið minna úr bótum miðað við

ársvinnu en þótt þeir hefðu verið ráðnir gegn umsömdu viku- eða mánaðarkaupi. Er sú greinargerð viðurkennd rétt af stefnanda.

Það er ekki upplýst, að þess séu dæmi hér á landi, að verkamönnum, sem ráðnir eru fyrir ákveðið kaup um klukkustund, sé greitt kaup fyrir helgidaga þjóðkirkjunnar, fleiri eða færri, eða fyrir aðra frídaga, nema þá sé unnið. Það yrði því að liggja fyrir skýrt sanningsákvæði til þess, að unnt væri að taka slíka kaupkröfu til greina. En því er ekki til að dreifa, þar eð framangreind ákvæði í samningi F. Í. I. við Iðju frá 22. des. 1937 verða, að álit dómsins, ekki talin veita stoð fyrir kröfu stefnanda. Verður að gera ráð fyrir, að þess hafi að sjálfsgöðu verið gætt, þegar samið var um kaup viku- og mánaðarkaupsmanna, að þeir vinna ekki á þeim helgi- og frídögum, sem hér er krafizt kaups fyrir frekar en á sunnudögum, og fá þeir því í raun og veru ekki kaup fyrir þessa daga, enda þótt það sé fyrir hagkvæmnis sakir ákveðið jafnt fyrir hvert kaupgreiðslutímabil, án tillits til helgi- og frídagafjöldi. Orðalag hinnar tilvitnuðu málgreinar 2. gr. sanningsins verður því ekki skilið á annan veg en þann. Styðst þessi niðurstaða enn fremur við það, að tímakaupsmenn bera, svo sem áður segir, eigi minna úr býtum yfir árið en hinir, þótt þeim sé ekki greitt kaup fyrir þá daga, sem hér er deilt um.

Það verður því að sýkna stefnda algerlega af kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað með 300 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Félags ísl. iðnrekenda, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.